MIÐFLOKKURINN

10 NÝ RÉTTINDI

FYRIR ÍSLENSKU ÞJÓÐINA

1.

BETRI RÍKISREKSTUR FYRIR ALLA

1. BETRI RÍKISREKSTUR FYRIR ALLA

- **Verði ríkissjóður rekinn með afgangi fá allir fullorðnir íslenskir ríkisborgarar helming afgangsins endurgreiddan til jafns 1. desember árið eftir.**

- Hinum helmingnum verður varið í endurgreiðslu skulda ríkissjóðs eða í varasjóð teljist það hagkvæmara.

1. BETRI RÍKISREKSTUR FYRIR ALLA

Þannig skiptir almenningur jafnt með sér þeim ávinningi sem næst með hagkvæmum rekstri ríkissjóðs

- Betri rekstur – Aukin verðmætasköpun
- Ávinningur deilist jafn á meðal almennings
- Aukið aðhald fyrir stjórnvöld til að fara vel með peninga borgaranna
- Minnkar báknið
- Hvetur til skattastefnu sem ýtir undir verðmætasköpun – frekar en að draga úr henni
- Aukinn hagvöxtur vegna skattalækkanna skilar sér þannig til allra
- Allir hafa hag af því þegar fyrirtækjum og ríkinu gengur vel

2.

AUÐLINDAGJALD
FYRIR ALLA

2. AUÐLINDAGJALD FYRIR ALLA

- Á fullveldisdaginn, 1. desember ár hvert, fær hver fullorðinn Íslendingur greitt auðlindagjald.
- Fyrsta árið nemur greiðslan 100.000 krónum á verðlagi yfirstandandi árs.
- Látum almenning ekki bíða eftir því að stjórnvöld leysi gjaldtöku vegna auðlindanýtingar.
- Stjórnvöld fjármagna greiðsluna með auðlindagjöldum og stuðla að hagkvæmri auðlindanýtingu.
- Með upphafsviðmiðinu er litið til þátta á borð við veiðigjöld, hagnað Landsvirkjunar og sölu losunarheimilda.

2. AUÐLINDAGJALD FYRIR ALLA

- Veiðigjöld og önnur sértæk auðlindagjöld verða til þess fallin að stuðla að arðbærri nýtingu, koma til móts við minni fyrirtæki og verja þannig fjölbreytileika í rekstri og byggðirnar þar sem framleiðslan fer fram.
- Þannig verður ekki dregið úr tekjumöguleikum eða ýtt undir samþjöppun eða óhagkvæmni við auðlindanýtingu.
- Lýðskrumarar munu ekki geta lagt á óhófleg gjöld sem skila skammtíma ávinningi en langtíma tjóni.
- Samhliða fjárlögum hvers árs er skiptingin greind með tilliti til auðlindanýtingar.

3.

HEILBRIGÐISSKIMUN FYRIR ALLA

3. HEILBRIGÐISSKIMUN FYRIR ALLA

Öllum íslenskum ríkisborgurum, búsettum á Íslandi, 40 ára og eldri, býðst almenn heilbrigðisskimun á þriggja ára fresti þeim að kostnaðarlausu

- Þegar tilefni þykir til verður hægt að kalla eftir auka skimun.
- Þeir sem eru yngri en 40 ára munu eiga rétt á að kalla eftir sams konar þjónustu.
- Skimanir vegna heimsfaraldursins hafa gengið vel en þau vandamál sem upp komu vegna krabbameinsskimana minna á mikilvægi þess að tryggja öllum landsmönnum rétt á að fylgjast með eigin heilsufari.
- Almenningur velur hvar skimun er framkvæmd.
- Ríkið greiðir þeim sem uppfylla skilyrði fast gjald fyrir framkvæmdina.

3. HEILBRIGÐISSKIMUN FYRIR ALLA

- Reglubundnar heilsufarsskimanir eru þekktar víða um lönd.
- Efnað fólk og valdamenn hafa nýtt sér það lengi. Vel stæð en fámenn þjóð getur tryggt öllum landsmönnum slíka þjónustu.
- Það mun bjarga mannslífum, bæta lýðheilsu og spara peninga fyrir heilbrigðiskerfið til lengri tíma litið.
- Ýmsir sjúkdómar og hættur eru líklegri til að uppgötvast í tæka tíð.

4.

EIGNIR FYRIR ALLA

4. EIGNIR FYRIR ALLA

Samþykkt verða lög um eignarréttarstefnu í húsnæðismálum – Öllum Íslendingum verði gefið tækifæri á að eignast eigið húsnæði

- Ríkið veitir mótframlag sem gefur öllum tækifæri til að eignast húsnæði.
- Við lagasetninguna verður litið til húsnæðisstefnu Miðflokksins

  - Aukið lóðaframboð
  - Nýtt hvetjandi regluverk
  - Fjölbreyttara húsnæði
  - Lægri skattar og gjöld
  - Afnám stimpilgjalda

- Almenningur fær heimild til að setja 3,5 prósentustig af lífeyrisiðgjaldi sínu í sjóð sem nýta má til eigin fasteignakaupa.

4. EIGNIR FYRIR ALLA

- Horfið verður frá stefnu sem gerir tekjulægra fólki erfitt fyrir að eiga eða reka eigin bíl og komast leiðar sinnar.
- 25% lækkun bifreiðagjalda.
- Heimilum aukna notkun fyrirtækjabifreiða og nýtum bílaflotann betur.

5.

HLUTDEILD Í FJÁRMÁLAKERFINU

FYRIR ALLA

5. HLUTDEILD Í FJÁRMÁLAKERFINU FYRIR ALLA

Þjóðin fær tækifæri til að taka þátt í endurreisn fjármálakerfisins og beina hlutdeild í því sem almenningur á nú þegar

- **Þriðjungi hlutafjár í Íslandsbanka deilt jafnt á alla íslenska ríkisborgara sem verða lifandi fyrir árslok 2021.**
- Heimilt verður að selja bréfin eftir lok árs 2023.
- Í samræmi við stefnu Miðflokksins um endurskipulagningu fjármálakerfisins frá 2017 mun Landsbankinn gegna mikilvægu hlutverki við að ýta undir heilbrigða samkeppni og bætt kjör á fjármálamarkaði.
- Þannig verður unnið að því að fjármálakerfið sinni hlutverki sínu fyrir alla landsmenn og fyrirtæki í stað þess hámarka hagnað vogunarsjóða.

5. HLUTDEILD Í FJÁRMÁLAKERFINU FYRIR ALLA

- Miðað við núverandi markaðsvirði væri hlutur hvers og eins í Íslandsbanka nálægt 250.000 kr.
- Hlutur fjögurra manna fjölskyldu nemur því um einni milljón króna.
- Sá hlutur verður skattfrjáls, enda þegar eign landsmanna.
- Aðgerðin er sanngjörn vegna þess að bankinn er nú þegar sameign þjóðarinnar.
- Efnahagslega hagkvæmt – Eykur sparnaðarmöguleika og kaupgetu alls almennings.

6.

JAFNRÆÐI GAGNVART RÍKINU

FYRIR ALLA

6. JAFNRÆÐI GAGNVART RÍKINU FYRIR ALLA

Jafnræði borgaranna gagnvart ríkisvaldinu verður tryggt

- Stofnunum ríkisins gert að veita borgurunum þjónustu – ekki öfugt.
- Tryggt að stjórnvöld veiti svör innan afmarkaðs tíma.
- Lagalegt og fjárhagslegt jafnrétti tryggt ef til ágreinings kemur.
- Almenningi verður veittur sami tímafrestur og jafnræði að öðru leyti í samskiptum við stjórnvöld.
- Þeir sem eru ranglega ákærðir eða látnir sæta þvingunum af hálfu ríkisins munu sjálfkrafa eiga rétt á skaðabótum án þess að þurfa að fara í dómsmál. Slík lög hafa verið við lýði í Noregi í 20 ár.

6. JAFNRÆÐI GAGNVART RÍKINU FYRIR ALLA

- Öll gildandi lög yfirfarin með tilliti til þess hvort þau tryggi grundvallarréttindi einstaklinga.
- Forsætisráðuneytið leiði endurskoðun lagasafnsins með það að markmiði að öll lög geti talist skiljanleg.
- Dómstólum verði heimilt að líta til þess við úrlausn mála ef lög teljast of óskýr eða illskiljanleg til þess hægt sé að fylgja þeim með góðu móti.
- Jafnræði borgaranna gagnvart ríkinu fyrir dómstólum verður tryggt.
- Ríkisstjórn má ekki innleiða nýtt íþyngjandi regluverk nema tvöfalt fleiri íþyngjandi reglur verði afnumdar samtímis í samræmi við stefnu ríkisstjórnar áranna 2013-2016.

7.

JAFNRÉTTI ÓHÁÐ BÚSETU

FYRIR ALLA

7. JAFNRÉTTI ÓHÁÐ BÚSETU FYRIR ALLA

Allir landsmenn munu eiga rétt á sömu þjónustu óháð búsetu

- Það mun eiga við hvort sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu, menntun, öryggi, aðgang að orku og fjarskiptum, samskipti við ríkisvaldið eða aðra þætti.
- Þar sem skortur á innviðum eða aðrar aðstæður valda því að íbúar njóta ekki jafnræðis á við aðra skal það bætt.
- Fjárhagsaðstoð sem tryggir jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu og námi.
- Jöfnun raforku- og húshitunarkostnaðar um land allt verður tryggð.

7. JAFNRÉTTI ÓHÁÐ BÚSETU FYRIR ALLA

- Byggðarlögum skipt í fjóra flokka með tilliti til þess hversu miklum hindrunum fyrirtæki mæta á hverjum stað.
- Í þeim byggðarlögum sem mæta mestum hindrunum verður tryggingagjaldið 0% en 6% þar sem þær eru minnstar.
- Í byggðarlögum þar sem íbúar búa við skerta þjónustu ríkisvaldsins munu þeir eiga rétt á skattaafslætti. Ekki hagur fyrir ríkið að skera niður þjónustu á ákveðnum svæðum.
- Atriðin verða liður í áætluninni „Ísland allt“.

8.

JAFN RÉTTUR ÓHÁÐ HEILSU OG ALDRI

FYRIR ALLA

8. JAFN RÉTTUR ÓHÁÐ HEILSU OG ALDRI FYRIR ALLA

Jafn réttur allra til sparnaðar og atvinnutekna

- Eldri borgarar munu greiða skatt á sama hátt og aðrir.
- Sá hluti lífeyrisgreiðslna sem er fjármagnstekjur verður skattlagður sem slíkur.
- Lífeyrir og aðrar hliðstæðar bætur frá Tryggingastofnun verða miðaðar við umsamin lágmarkslaun og hækka í takti við launavísitölu.
- Núverandi hindranir á atvinnu eldra fólks verða afnumdar.

Þannig er komið í veg fyrir mismunun gagnvart eldri borgurum og tækifæri þeirra aukin. Aukið vinnuframlag þeirra sem hafa vilja og getu til eykur þjóðarframleiðslu og skatttekjur en bætir einnig fjárhag lífeyrissjóða.

8. JAFN RÉTTUR ÓHÁÐ HEILSU OG ALDRI FYRIR ALLA

- Frítekjumark atvinnutekna verður hækkað í 500.000 kr. á mánuði.

- Frítekjumark greiðslna úr lífeyrissjóði verður 125.000 kr. á mánuði.

Með því hvetur kerfið til sparnaðar og verðmætasköpunar.

8. JAFN RÉTTUR ÓHÁÐ HEILSU OG ALDRI FYRIR ALLA

- Réttur allra Íslendinga til að komast í nauðsynlegar læknisaðgerðir verður tryggður og biðlistum eytt.
- Hafi sjúklingur þurft að bíða lengur en í 3 mánuði eftir aðgerð skal ríkið greiða viðkomandi bætur mánaðarlega.
- Á sama hátt ber ríkinu skylda til að veita öldruðu og veikburða fólki viðunandi búsetuúrræði.
- Regluverk um réttindi öryrkja og eldri borgara verður einfaldað og málaflokkarnir aðskildir í lögum.
- Umboðsmaður eldri borgara mun gæta réttinda þeirra og starfsemi hans fjármögnuð með tvöfalt meiri sparnaði annars staðar í ríkiskerfinu.

9.

JAFNRÆÐI Í REKSTRI
FYRIR ALLA

9. JAFNRÆÐI Í REKSTRI FYRIR ALLA

Samkeppnisstaða minni fyrirtækja gagnvart stórfyrirtækjum og hinu opinbera verður jöfnuð

- Skattaafslættir fyrir minni fyrirtæki – jafnar samkeppnisstöðu og hvetur til fjárfestingar og atvinnusköpunar í samræmi við skattalækkanastefnu Miðflokksins.

- Nýstofnuðum fyrirtækjum gefst kostur á að flýta fyrningu rekstrareigna til að halda meira fjármagni í rekstri og uppbyggingu.

- Starfsmenn einkafyrirtækja verða ekki skattlagðir vegna hlunninda á borð við máltíðir á vinnutíma og notkun starfsmannabifreiða. Fyrirtæki bæta þannig kjör starfsmanna á hagkvæman hátt og bílafloti landsmanna nýtist betur.

9. JAFNRÆÐI Í REKSTRI FYRIR ALLA

- Heimildir til skattaafsláttar vegna fjárfestinga í nýsköpun og fjármögnun minni fyrirtækja verða rýmkaðar þannig að þær nái til ólíkra starfssviða.
- Meðal aðgerða til að draga úr íþyngjandi regluverki verður heimilt að skila öllum eyðublöðum sem nauðsynlegt er að standa skil á gagnvart ríkisvaldinu, rafrænt.
- Frítekjumark tryggingargjalds verður innleitt.
- Stimpilgjöld afnumin – þess í stað heimilað að taka upp hóflegt afgreiðslugjald sem eingöngu er ætlað að standa undir umsýslukostnaði.
- Heimilt verður að vinna að uppbyggingu eigin fyrirtækis í 1 ár frá stofnun án þess að greiða sér laun (óheimilt er þó að greiða arð úr félagi sem ekki hefur verið á launagreiðendaskrá).

10.

TJÁNINGARFRELSI FYRIR ALLA

10. TJÁNINGARFRELSI FYRIR ALLA

Innleidd verða lög til að verja tjáningarfrelsi í samræmi við stjórnarskrá

- Lögin munu verja Íslendinga fyrir því að stofnanir eða fyrirtæki, innlend eða erlend, láti fólk gjalda skoðana sinna (svo framarlega sem þær fela ekki í sér hótanir, hvatningu til ofbeldis eða ólögmætar ásakanir).
- Tryggt verður að öll íslensk lög standist ákvæði stjórnarskrárinnar um málfrelsi.
- Heildarendurskoðun laga fer fram til að tryggja persónuvernd, eignarrétt, sakleysi uns sekt er sönnuð, jafnræði fyrir lögum og framkvæmd annarra grundvallarreglna réttarríkisins.

MIÐFLOKKURINN